

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti 17. nóvember 2021 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Frístundabyggð í Hálsaskógi, Skorradal, IV. áfangi, lóð Refsholts 30.

Breytingin felur í sér aukið byggingarmagn á lóð úr 165 m² í 179 m², þ.e. að frístundahús má vera allt að 164 m² og aukahús allt að 15 m². Vegg hæð langveggja fari úr 250 cm í 300 cm og mesta hæð í mæni fari úr 480 cm í 520 cm.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps, 15. desember 2021,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir skipulagsfulltrúi.